

1860. gjaldi því, er á þá var lagt, þá eigið þér að láta taka próf
26. maí. um þessa breytni hans, senda síðan stjórninni eptirrit af prófinu, og leiðbeina því með þeim athugasemdum, sem yður þykir við þurfa —

26. maí. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um arfleðslu hórgetins barns.**

Með bréfi 6. marzm. þ. á. hafð þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Katli bónda Ketilssyni á Seljum í Snæfellsnes sýslu, og biður hann þar um konunglega staðfestingu á erfðaskrá, er hann hafði samið 26. septemberm. f. á., til þess að arfleða hórgetna dóttur sína, Ágústínu Abizay.

Um þetta efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og auglýsingar fyrir beiðanda, að þareð arfleðsla sú, sem hér er um rætt, er bundin við þann skilmála, að ekki sèu lífserfingjar eptir arfleðanda látinn, er staðfesting sú, sem um er beðið óþörf, samkvæmt tilsk. 25. septemberm. 1850 20. gr.

29. maí. **24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, viðvikjandi klögun Jónasar bónda Bjarnasonar á Rófu, um aðferð þá, er höfð var í frammi við hann í fjárkláðamálinu.**

Eptir að dómsmálastjórnin hefir fengið álitsskjal yðar, herra amtmaður, dagsett 7. dag febrúarm. þ. á., viðvikjandi umkvörtun Jónasar bónda Bjarnasonar á Rófu í Húnavatnssýslu, um aðferð þá, er höfð var í frammi við hann í fjárkláðamálinu af hálfu yfirvaldanna, skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut á að máli, að stjórnin sèr ekki kost á að styrkja hann til að ná neinum bótum í þessu tilliti, en verður að láta hann sjálfan um það, hvort